

Reykjavík, 19. mars 2020

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Fossa markaða hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Fossum mörkuðum hf. í ágúst 2019. Niðurstaða lá fyrir í febrúar 2020.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna framfylgni félagsins við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og einnig, eftir atvikum, eldri laga nr. 64/2006 um sama efni. Vettvangsathugunin tók mið af lögum nr. 64/2006 hvað varðar yfirferð á framkvæmd áreiðanleikakannana í tíð þeirra laga. Nánar tiltekið tók athugunin til áhættumats félagsins, innri ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunar-aðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu.

Til að öðlast yfirsýn yfir aðgerðir félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna, t.d. gagna úr kerfum vegna áreiðanleikakannana, tók viðtöl við starfsmenn félagsins, fékk kynningar á áhættumati þess, verklagi vegna reglubundins eftirlits, kerfi til að fylgjast með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og kerfi til að fylgjast með því hvort einstaklingar væru í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla. Þá var handvalið úrtak 14 viðskiptavina félagsins sem voru lögaðilar og framkvæmd áreiðanleikakönnunar félagsins á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða að hluta, með sérstaka áherslu á upplýsingar um raunverulega eigendur. Loks tók Fjármálaeftirlitið til skoðunar hvernig félagið stóð að því að uppfylla rannsóknar- og tilkynningarskyldu sína.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við reglubundið eftirlit félagsins, eftirlitskerfi vegna einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, kerfi vegna alþjóðlegra þvingunaraðgerða eða hvernig staðið var að því að uppfylla rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar, miðað við stöðuna eins og hún var þegar athugunin átti sér stað, tilefni til að gera eftifarandi athugasemdir við félagið:

- Upplýsingar um raunverulega eigendur höfðu almennt ekki verið metnar af féluginu með sjálfstæðum hætti, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nágildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.
- Í tveimur tilvikum höfðu viðskiptamenn ekki sannað á sér deili við upphaf samnings-sambands, sbr. 1. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nágildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til viðskiptamanna um að þeir sanni á sér deili.
- Áhættumat félagsins á rekstri sínum og viðskiptum fullnægði ekki kröfum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 og reglugerð nr. 545/2019.
- Félagið hafði ekki sett sér skjalfesta stefnu um aðgerðir félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.